

162. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 18. ágúst 2025 kl. 16.30 á Höfða

Stjórnarmenn:

Einar Brandsson formaður
Björn Guðmundsson varaformaður
Liv Aase Skarstad varamaður
Helgi Pétur Ottesen aðalmaður
Bragi Benteinsson fulltrúi starfsfólks

Starfsmenn:

Þorbjörg Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri
Valdís Eyjólfssdóttir framkvæmdastjóri
Fundargerð ritaði: Valdís Eyjólfssdóttir framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1) Gott að eldast verkefnið: Stofnun MÓMA teymis

Líf Lárusdóttir, verkefnastjóri Gott að eldast – SSV, mætti á fundinn og kynnti fyrirhugaða stofnun Möttöku- og matsteymis (MÓMA teymi), ásamt því að fara yfir næstu skref í Gott að eldast verkefninu á vesturlandi.

Stjórn þakkar Lif fyrir góða og skilmerkilega yfirferð yfir verkefnið.

2) Vistunarmál

Staðfest vistun fyrir 10 einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

Staða á biðlistum 11.08.2025:

Hjúkrunarrými: 62 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 50 einstaklingar.

3) Kostnaðaruppgjör við eigendur Höfða vegna framkvæmda við fasteign

Framkvæmdum er nú lokið við endurnýjun 1. áfanga fasteignar Höfða sem og endurnýjun þak- og útveggjaklæðninga. Lagt var fram kostnaðaruppgjör við eigendur Höfða vegna framkvæmdanna.

Framkvæmdastjóra falið að senda uppgjör á eigendur þar sem óskað er eftir að þeir greiði eftirstöðvar.

4) Rekstraryfirlit 1. janúar – 30. júlí 2025

Framkvæmdastjóri fór yfir framlagt rekstraryfirlit.

5) Viðauki 2 árið 2025: Leiðréttning fyrri ára á greiðslum í sjúkrasjóð VLFA

Gera þarf upp vangreidd gjöld í sjúkrasjóð Verkalýðsfélags Akraness (VLFA) fjögur ár aftur í tímann. Ástæðan er sú að upplýsingar um hækkun framlags úr 0,6% í 1,25% sem samþykkt var 18. mars 2020 af samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Ísland, skiluðu sér ekki til Höfða.

Samþykktur er viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun ársins 2025 vegna framangreinds, samtals að fjárhæð kr. 10.930.454 sem færðar verða á deild 02160-1845 og mætt með handbæru fé.

Framkvæmdastjóra falið að senda inn erindi varðandi samþykkt viðaukans til bæjarráðs Akraneskaupstaðar.

6) Tillaga um aðgerðir til að auka gæði og skilvirkni í mannauðsmálum

Framkvæmdastjóri fór yfir greiningu á stöðunni í dag og tillögur um aðgerðir til að auka gæði og skilvirkni í mannauðsmálum.

Samþykkt er að ráða tímabundið í allt að 100% stöðugildi á skrifstofu m.a. í mannauðstengd verkefni skv. minnisblaði.

7) Staða samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands

Lögð fram sameiginleg yfirlýsing Sjúkratrygginga Íslands, Samtaka fyrirtækja velferðarþjónustu og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna þjónustusamninga um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila.

8) Staða viðræðna um stækkun Höfða

Farið yfir nýjustu samskipti við Félags- og húsnæðismálaráðuneytið vegna viðræðna um stækkun Höfða.

9) Breytingar á verklagi varðandi meðferð persónuupplýsinga

Framkvæmdasjóri fór yfir breytingar sem búið er að innleiða til að tryggja betur örugga meðferð persónuupplýsinga.

10) Beiðni bæjarráðs Akraneskaupstaðar um umsögn um erindi vegna Árnahúss

Stjórn Höfða er sammála um að framtíðarmöguleikar á stækkun hjúkrunarheimilisins séu á því svæði sem Árnahús og hlaðan standa í dag og leggst gegn því að húsin séu gerð upp á núverandi stað. Stjórn Höfða vill jafnframt benda á þá fokhættu sem stafar af húsunum vegna lélegs ástands þeirra og leggur til að húsin verði fjarlægð við fyrsta tækifæri.

11) Starfsmannamál

- a. Farið yfir ráðningu deildarstjóra iðjubjálfunar. Unnur María Þorvarðardóttir var ráðin og mun hefja störf 1. september 2025.
- b. Starfsmannafundur 2. september 2025.

12) Önnur mál

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:21

Lindir Brandsson
Kai Ólaf Skarðsdóttir
Hekla P. a -
Þorbjörn Sigurdardóttir.
Bragi Bentelínsson
Björn Guðmundsson
Valdís Egíðsdóttir